

**3406. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
13. mars 2020 og hófst hann kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2003133 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19**

Aðgerðir Akraneskaupstaðar til umræðu og kynningar vegna Covid-19 og samkomubanns sem tekur gildi á miðnætti aðfaranótt mánudagsins 16. mars nk.

Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri, Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði og Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs tóku þátt í hluta fundarins.

*Bæjarráð samþykkir auka skipulagsdag þann 16. mars næstkomandi í grunn- og leikskólum Akraneskaupstaðar, frístundastarfi í Þorpinu og Tónlistarskóla Akraness. Dagurinn verður nýttur til að ákveða næstu skref í skóla- og frístundastarfi miðað við ákvörðun heilbrigðisráðherra um samkomubann o.fl. sem gildir frá 15. mars næstkomandi. Beðið er leiðbeininga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um starfsemi skólanna við þessar aðstæður og mikilvægt að stjórnendum gefist tóm til útfærslu og að samræmt verklag verði viðhaft milli sveitarfélaga eins og kostur er.*

*Samþykkt.*

*Bæjarráð áréttar að bæjarstjóri sem framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og fulltrúi sveitarfélagsins í Almannavarnanefnd Vesturlands hafi fullt og óskorað umboð til þeirra ákvarðana sem blasir við að taka þurfi við þessar fordæmalausu aðstæður sem nú eru uppi í Íslensku samfélagi. Bæjarfulltrúar verði uppýstir eftir þörfum samkvæmt mati og aðstæðum sem bæjarstjóri stendur frammi fyrir.*

*Samþykkt.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.**

*Valgarður L. Jónsson*

*Sævar Freyr Þráinsson*  
*Steinar Adolfsson*